



Pétur Davíðsson

Grund 2

Borgarnesi

Dagsetning **18. febrúar 2025**  
Málsnúmer IRN24040132

Ráðuneytið vísar til kæru þinnar, dags. 26. júlí 2024. Lýtur kærán að hæfi hreppsnefndarmanna í Skorradalshreppi og afgreiðslu hreppsnefndar frá 4. júlí s.á. um að hefja formlegar viðræður við Borgarbyggð um sameiningu sveitarfélaganna.

Eftirlitshlutverki innviðaráðuneytisins með sveitarfélögum er lýst í XI. kafla sveitarstjórnarlaga. Þar kemur meðal annars fram í 1. mgr. 109. gr. að ráðuneytið hefur eftirlit með stjórnslu sveitarfélaga og því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Ráðuneytið hefur þó ekki eftirlit með stjórnslu sveitarfélaga sem öðrum stjórnvöldum á vegum ríkisins hefur með beinum hætti verið falið eftirlit með, sbr. 2. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga. Eftirlit ráðuneytisins fer meðal annars fram með þeim hætti að ráðuneytið tekur til úrskurðar stjórnslukæru sem því berast vegna stjórnvaldsákvæðana sveitarfélaga í málefnum sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga. Þá getur ráðuneytið einnig ákveðið að eigin frumkvæði eða á grundvelli ábendinga eða kvartana borgara að taka til formlegrar umfjöllunar stjórnslu sveitarfélags og meðal annars gefið út álit um lögmæti athafna eða athafnaleysis sveitarfélags af því tilefni, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 112. gr. sömu laga.

Ráðuneytið hefur tekið til skoðunar hvort málið sé tækt til úrskurðar á grundvelli 111. gr. sveitarstjórnarlaga. Eitt frumskilyrði þess að ráðuneytið geti tekið mál til úrskurðar er að fyrir liggja stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993. Hugtakið hefur verið skilgreint á þann veg að um stjórnvaldsákvörðun ræði þegar stjórnvald kveður einhliða á um rétt og/eða skyldu tiltekins aðila í ákveðnu máli í skjóli stjórnsluvalds.

Að mati ráðuneytisins fellur hvorki ákvörðun sveitarfélagsins um hæfi sveitarstjórnarfulltrúa til að taka þátt í meðferð tiltekins máls né ákvörðun um að hefja formlegar viðræður um sameiningu undir hugtaksskilgreiningu stjórnvaldsákvörðunar sem lýst er að ofan þar sem m.a. liggur ekki fyrir sérstök ákvörðun sveitarfélagsins um réttindi eða skyldu manna. Er mál þetta því ekki tækt til úrskurðar á grundvelli 111. gr. sveitarstjórnarlaga. Er kæru þinni því vísað frá ráðuneytinu.

F.h. ráðherra

Sigrún Inga Guðnadóttir

María Hrönn Guðmundsdóttir Busk